
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2002-05
Fundartími:	Þriðjudagur 3. september 2002 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
	2) Notkunarflokkar raforku 2001.
	3) Gögn um afl 2001.
	4) Endurreikningur raforkuspár, breyting forsendna.
	5) Söfnun gagna í ljósi frumvarps til raforkulaga, beiðni frá Orkuspárnefnd.
	6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson
	Sigurður Ágústsson
	Ívar Þorsteinsson
	Agnar Árnason
	Jakob Ólafsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson
Landsvirkjun:	Helgi Óskarsson

- 1) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 7,2% á fyrri helmingi ársins. Flutningstöp hafa aukist um 10,9% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 4,1%. Stórnotkun vex um 8,9% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 4,1%. Sala á ótryggðri orku eykst um 9,3%. JV fór þá yfir töflur um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrri hluti ársins var hlýrri en í meðalári og hlýrri en síðasta ár. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 3,4% á fyrri hluta ársins. JV sagði að þetta teldist nokkuð mikil aukning sérstaklega á tíma þegar hagvöxtur er lítill. Hann afhenti fulltrúum veitnanna samantekt um þróunina hjá þeim á fyrri hluta ársins og er aukningin á Suðurnesjum (1,8%), í

Hafnarfirði (7,4%), hjá Orkuveitu Reykjavíkur (2,8%) hjá Norðurorku (-0,3%), Rafmagnsveitum ríkisins (2,3%) og Orkubúi Vestfjarða (0,6%).

- 2) JV fór yfir notkunarflokkra raforku 2001 sem komnir eru á heimasíðu nefndarinnar og einnig dreifði hann töflu yfir þróun síðustu ára. GG lagði til að þær tölur kæmu fram á heimasíðu nefndarinnar og var það samþykkt. ÍP sagði að götulýsingu vantaði fyrir Akranes og mun JV bæta henni inn út frá tölu ársins 2000.
- 3) JV sagði að afgangur væru ekki tilbúin en nánast öll gögnin væru komin inn í gagnagrunninn og úrvinnsla stæði yfir.
- 4) JV bað um að fá athugasemdir við forsendur raforkuspár fyrir endurreikning. GG benti á nýja fólksfjöldaspá Hagstofunnar og spurning væri hvernig þróun mannfjölda yrði eftir landshlutum. Einnig nefndi hann að áhugavert væri að sjá spá með álveri á Austurlandi. JV bað um að Landsvirkjun færi yfir tölur um orkukaup stóriðju.
- 5) Rætt var um söfnun gagna í nýju raforkulagaumhverfi. Gögn um notkun eftir notkunarflokkum er það sem helst væri hætta á að félli niður. Fundarmenn voru sammála um að dreifiveitur þyrftu að halda utanum þau gögn. JV var falið að taka saman greinargerð um þennan þátt fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 1. október 2002.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Próun raforkunotkunar eftir notkunarflokkum, 1992-2001. (JV)